

Hvaðan kemur flíkin mín?

Inngangur

Fötin okkar hafa oft ferðast langa leið áður en þau lenda í búð eða fataskáp.

Við framleiðslu á einföldum stuttermabol þarf mikla orku og til verður bæði úrgangur og mengun, allt eftir því hvaða efni eru notuð (t.d. bómull, pólýester eða nælon).

- **Bómull** er náttúrulegt efni sem ræktuð er í heitum löndum. Við ræktun eru oft notuð eituefni gegn skordýrum og illgresi. Þessi eituefni geta mengað jarðveg og vatn.
- **Pólýester** er tilbúið efni úr olíu. Við framleiðslu þess myndast gróðurhúsalofttegundir og þegar pólýesterföt eru þvegin geta losnað örplastagnir sem endar í hafinu og skaða lífríki þess.
- Við **bleikingu og litun** fata eru notuð efni sem geta haft skaðleg áhrif á vatnalíf og umhverfi.
- Að lokinni **framleiðslu** er fatnaður pakkaður, fluttur milli landa og seldur, oft í umbúðum sem endar sem úrgangur.

Skoðið fötin ykkar – bekkurinn saman

- Veljið eina flík sem þið eruð í. Finnið merkimiðann og athugið úr hvaða efnum flíkin er og í hvaða landi hún var framleidd.
- Gerið lista saman upp á töflu, þar sem skráð eru öll framleiðslulöndin og úr hvaða efnum fötin eru (hér má einfalda og nemendur segja það efni sem hefur hæstu %)
- Hversu langt hafa fötin ykkar ferðast? Merkið leiðina með t.d. rauðum lit inná heimskort, t.d. á skjá kennarans eða útprentað kort.

Ræðið:

- Hvaða efni var algengast? En framleiðsluland? Afhverju ætli það land framleiði mikið af fötum?
- Hvaða áhrif hafa mismunandi efni á umhverfið (t.d. bómull vs. pólýester)?
- Hvernig getum við minnkað áhrif fataframleiðslu og fatasóunar á umhverfið?